

Samningur

um framkvæmd sóknaráætlunar

Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu árið 2013

Samningur þessi byggir á stefnumótun og markmiðum Íslands 2020. Sóknaráætlanir landshluta eru samskiptaás milli ríkis og sveitarfélaga sem er ætlað að einfalda og efla samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu fjárveitinga úr ríkissjóði sem ekki fara til lögbundinna verkefna í landshlutum.

Markmið sóknaráætlana er að ráðstöfun þeirra fjármuna sem varð er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði atvinnumála, byggða- og samfélagsþróunar byggji á svæðisbundnum áherslum og markmiðum sem fram koma í sóknaráætlun landshlutans og fari um einn farveg samkvæmt fjárlögum 2013. Grunnstoðir nýrrar stefnumótandi byggðaætlunar 2014-2017 verði sóknaráætlanir allra landshluta.

Á vegum allra ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga starfar samráðsveitvangur sem nefnist stýrinet Stjórnarráðsins um sóknaráætlanir landshluta hér eftir nefnt stýrinet. Stýrinet eru skilgreind sem all stöðugt, samhætt ferli samvinnu og samskipta sem stefnumótandi aðilar taka þátt í. Forsenda samnings þessa er það samráð sem fram hefur farið á ofangreindum vettvangi og gerir fjármála- og efnahagsráðuneytið samninginn á grundvelli þess.

1. Samningsaðilar

Fjármála- og efnahagsráðuneytið kt. 550169-2829, með vísan til heimilda í fjárlög fyrir árið 2013 og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu kt. 681077-0819, með vísan til heimildar í 3. mgr. 97. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, í samningi þessum nefnd landshlutasamtök, gera með sér svofelldan samning um framkvæmd verkefna í sóknaráætlun landshlutans.


Landshlutasamtökin starfa samkvæmt samþykktum aðildarsveitarfélaga og að öðru leyti í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig eftir því sem við á, lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins.

2. Samningsfjárhættur

- 2.1. Framlag ríkisins árið 2013 til allra sóknaráætlana er samkvæmt fjárlögum alls 400 m.kr. og fer ákvörðun um skiptingu þess fjár á milli landshluta samkvæmt samþykkt ríkisstjórnar frá 27. nóvember 2012.
- 2.2. Til Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu renna á árinu 2013 kr. 76.151.000 af fjárlagalið 09-992.
- 2.3. Framlög skv. samningnum eru endanlega ákvarðaðir styrkir til viðkomandi verkefna (sbr. kafla 3). Styrkirnir eru afturkræfir hafi verkefni ekki verið framkvæmd að hluta eða öllu leyti eða kröfur ekki uppfylltar.

3. Verkefni

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa forgangsraðað fjármunum til eftirfarandi sextán verkefna sem hér segir:

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	20.3.2013
Málsnr:	130.3389
Bréfali:	032.2

Heiti verkefnis:	Fjárframlag af samningi þessum
1. Hagkerfi höfuðborgarsvæðisins	5.000.000 kr.
2. Greining og stefnumótun í nýsköpun og samkeppnishæfni	10.000.000 kr.
3. Áhrif skattkerfis á samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins	5.000.000 kr.
4. Framtíðarstefna um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu	10.000.000 kr.
5. Ferðapjónusta – uppbygging til framtíðar	5.000.000 kr.
6. Skapandi greinar og græna hagkerfið	5.000.000 kr.
7. Vísindagarðar og þekkingargreinar	5.000.000 kr.
8. Lítil og meðalstór fyrirtæki – uppspretta vaxtar	5.000.000 kr.
9. Vörumerkið „Reykjavík“ og markaðssetning svæðisins	3.000.000 kr.
10. Ímynd Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðisins	5.000.000 kr.
11. Sameiginleg markaðssetning höfuðborgarsvæðisins	2.000.000 kr.
12. Gæði skólastarfs	4.000.000 kr.
13. Samvinna skólastiga frá leikskóla til háskóla	2.000.000 kr.
14. Höfuðborgarsvæðið sem háskólaborg	3.000.000 kr.
15. Endurmenntun á vinnumarkaði	3.000.000 kr.
16. Menning og menntun – hönd í hönd	3.000.000 kr.
Samtals	76.000.000 kr.

Í viðauka I er sóknaráætlun landshlutans heild sinni.

4. Ábyrgð styrkþega

- 4.1. Landshlutasamtökin bera ábyrgð á þeim verkefnum sem samningur þessi tekur til og að þau fullnægi kröfuna um gæði og framennsku.
- 4.2. Landshlutasamtökin bera ábyrgð á skuldbindingum sem þau stofna til í tengslum við samning þennan.
- 4.3. Landshlutasamtökunum er óheimt að:
 - 4.3.1. stjórna réttindi sin og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
 - 4.3.2. setja fjármun sem þeim eru veittir samkvæmt grein 2.2. til tryggingar fjárskuldbindinga ákv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.
 - 4.3.3. ráðstafa fé sem veitt er vegna samnings þessa til annars en þeirra verkefna sem tilgreind eru í samningnum nema að höfðu samráði við samningsaðila.

5. Upplýsingar, samráði og eftirlit vegna fjármála

- 5.1. Fjármála- og efnahagsráðuneytið skal greiða landshlutasamtökunum framlag ársins 2013 sem hér segir:
 - Við undirskrift samningsins greiðast 40% framlags.
 - Hinn 1. október 2013 greiðast 40% framlags. Forsenda þeirrar greiðslu er að fyrir liggja mat stýrinets á að framvinda verkefna innan sóknaráætlunar landshlutans teljist viðunandi. Sjá viðauka II.
 - Lokagreiðsla framlags, 20%, greiðist í kjölfar staðfestingar stýrinets til fjármála- og efnahagsráðuneytis þess efnis að landshlutasamtökin hafi staðið við skilyrði samnings þessa á grundvelli greinargerðar um framkvæmd sóknaráætlunar ársins 2013 og skilað endurskoðuðu fjárhagsuppgjöri eigi síðar en 1. september 2014. Forsenda lokagreiðslu er að landshlutasamtökin hafi uppfyllt skilmála fjárveitingarinnar og ákvæði samnings þessa.

- 5.2. Eigi landshlutasamtökin í viðskiptum við lögaðila sem þau eiga eignarhluta í eða eru í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda þeirra, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.

6. Upplýsingar, samskipti og eftirlit

- 6.1. Fjármála- og efnahagsráðuneytið felur stýrinetinu eftirlit og umsýslu með samningi þessum á grundvelli yfirlýsingar. Sjá viðauka II.
- 6.2. Fulltrúar stýrinetsins og landshlutasamtakanna skulu funda í september 2013 um framkvæmd samningsins á grundvelli sóknaráætlunar og verkefnayfirlits.
- 6.3. Landshlutasamtökin skila stýrinetinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.
- 6.4. Landshlutasamtökin veita stýrinetinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits og umsýslu með framkvæmd samningsins, þar á meðal fundargerðum, skráum, fylgiskjölum, skýrslum, bókum og bréfum.
- 6.5. Samning þennan, ársreikning landshlutasamtakanna, greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á vef landshlutasamtakanna jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Stýrinetinu er heimilt að birta gögnin á vefsíðum Stjórnarráðsins.
- 6.6. Landshlutasamtökin skulu setja á vefsíðu sína ömis gögn sem eru efnislegar afurðir samningsins, svo sem upplýsingar um framvindu verkefna, skýrslur, leiðbeiningar og áætlanir.
- 6.7. Á öllu útgefnu efni, auglýsingum o.s.frv. sem tengjast verkefnum þessa samnings skal koma fram að þau eru hluti af sóknaráætlun landshlutans og á ábyrgð landshlutasamtakanna.

7. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 7.1. Landshlutasamtökin tilkynna stýrineti tafarlaust ef þau telja vafa leika á um að þau geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningnum. Jafnframt skulu landshlutasamtökin greina frá þeim urraðum sem þau hyggjast grípa til.
- 7.2. Komi til þess að einstök verkefni sóknaráætlunar landshlutans hefjist ekki fyrir 1. september 2013 skulu landshlutasamtökin gera grein fyrir ástæðum þess ásamt fyrirhuguðum viðbrögðum á hönd beggja samningsaðila í september (sbr. gr. 6.2). Fall verkefni niður reanur áætlað fjármagn til verkefnisins aftur til fjármála- og efnahagsráðuneytis.
- 7.3. Uppfylla landshlutasamtökin ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum er fjármála- og efnahagsráðuneytinu heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og eða endurskrifa um greiðslur sem þegar hafa runnið til landshlutasamtakanna enda hafi ekki tekið að jafna ágreining á milli samningsaðila.
- 7.4. Samningsaðilar skulu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 7.5. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

8. Gildistími og lok samnings

- 8.1. Samningurinn gildir til 1. maí 2014.
- 8.2. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara. Skulu samningsaðilar þá semja um uppgjör með hliðsjón af ákvæðum greina 7.2 og 7.3.
- 8.3. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

Reykjavík 22. mars 2013

Fjármála- og efnahagsráðherra

Formaður stjórnar Samtaka sveitarfélaga
á höfuðborgarsvæðinu

DRÖG

Viðauki I

Sóknaráætlun landshluta

DRÖG

Viðauki II

Yfirlýsing um ábyrgð og hlutverk stýrinets Stjórnarráðsins um framkvæmd og eftirfylgni samninga um sóknaráætlanir landshluta árið 2013

Á vegum allra ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga starfar samráðsvettvangur sem nefnist stýrinet Stjórnarráðsins um sóknaráætlanir landshluta. Stýrinetið hefur haft veg og vanda að undirbúning sóknaráætlana landshluta 2013. Innan stýrinetsins fer fram samhæft ferli samvinnu og samskipta um framkvæmd sóknaráætlana landshluta.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur undirritað samninga um framkvæmd sóknaráætlana við átta landshlutasamtök sveitarfélaga. Samningarnir byggja á sóknaráætlun hvers landshluta og þeirri stefnumörkun og samráði sem stýrinetið hefur átt við landshlutasamtök sveitarfélaga.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið, með vísan til heimilda í fjárlögum fyrir árið 2013 felur stýrineti Stjórnarráðsins um sóknaráætlanir landshluta umsjón og eftirlit með samningum þeim sem ráðuneytið hefur gert við landshlutasamtök sveitarfélaga.

Umsjónar- og eftirlitshlutverk stýrinetsins felst í eftirtöldu:

- Funda með forsvarsmönnum landshlutasamtaka í september 2013 um framkvæmd samningsins á grundvelli sóknaráætlunar.
- Skila stuttri greinargerð til fjármála- og efnahagsráðuneytis þar sem fram komi mat á framkvæmd samninga ásamt tillögum um útborgun 40% framlags til viðkomandi landshlutasamtaka þann 1. október 2013.
- Meta, með hliðsjón af framtíð, hvort staðið hafi verið við samningsákvæði og ráðleggja fjármála- og efnahagsráðuneytinu hvort lokagreiðsla samningsfjárhæðar (20%) geti farið fram.
- Mótuka og yfirtara greinargerð landshluta um framkvæmd sóknaráætlunar ásamt fjárhagslegu uppgjafi. Framangreind greinargerð skilist eigi síðar en í september 2014.
- Skila greinargerð til fjármála- og efnahagsráðuneytisins í október 2014 með lokamati stýrinetsins á framkvæmd hvers samnings.
- Hafa áhættu samráð og samskipta um framkvæmd samninga og fylgja eftir öðrum ákvæðum samninganna um skil og upplýsingagjöf.

Reykjavík 22. mars 2013

Fjármála- og efnahagsráðherra